



**SKÝRSLA FRAMSÖGUMANNSS**  
í máli E-2/03

Beiðni um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins, samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, frá Héraðsdómi Reykjaness í máli sem rekið er fyrir dómstólnum

**Ákærvaldið**

gegn

**Ásgeiri Loga Ásgeirssyni, Axel Pétri Ásgeirssyni og Helga Má Reynissyni**

varðandi túlkun á upprunareglum um fisk í bókunum 4 og 9 við EES-samninginn (“EES”) og bókunum 3 og 6 við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands sem undirritaður var 22. júlí 1972<sup>1</sup> (“fríverslunarsamningurinn”).

**I. Inngangur**

1. Með úrskurði dagsettum 27. júní 2003 og beiðni, sem skráð var í málaskrá dómstólsins þann 9. júlí 2003, óskaði Héraðsdómur Reykjaness eftir ráðgefandi álitu í máli sem rekið er fyrir dómstólnum milli ákærvaldsins, sem er í höndum ríkislögreglustjóra, og Ásgeirs Loga Ásgeirssonar, Axels Péturs Ásgeirssonar og Helga Mús Reynissonar (“ákærðu”).

**II. Málavextir og meðferð málsins**

2. Spurningar þær sem beint er til dómstólsins eru vegna dómsmáls sem höfðað var með opinberri ákæru útgefinni 20. september 2002. Eftirfarandi er samantekt á málavöxtum, eins og þeim er lýst í úrskurði Héraðsdóms Reykjaness frá 27. júní 2003:

---

<sup>1</sup> OJ L 301 31.12.1972, bls. 2.

3. Ákærði, Ásgeir Logi Ásgeirsson og ákærði, Axel Pétur Ásgeirsson, voru báðir framkvæmdastjórar hjá fiskvinnslufyrirtækinu Sæunn Axels ehf. (“Sæunn Axels”). Ákærði, Helgi Már Reynisson, var framkvæmdastjóri hjá inn-/útflutningsfyrirtækinu Valeik ehf. (“Valeik”).

4. Hinum ákærðu er gefið að sök að hafa sammælt um að flytja ólöglega út til fimm landa Evrópubandalagsins (Spánnar, Ítalíu, Danmerkur, Frakklands og Grikklands) í 76 skipti samtals 803.962 kg. af unnum þorskafurðum. Því er haldið fram að meint brot hafi átt sér stað á tímabilinu 15. janúar 1998 til 30. desember 1999.

5. Fiskurinn, sem var veiddur af erlendum fiskiskipum við strendur Alaska og Rússlands, var fluttur frosinn inn til landsins af Valeik þar sem hann var unnin hjá Sæunni Axels. Valeik annaðist síðan útflutning á afurðunum unnum. Því er haldið fram að starfsmenn Valeikar hafi gefið út rangar yfirlýsingar á vörureikningum og útflutningsskýrslum með afurðunum, sem afhentar voru hjá embætti Tollstjórans í Reykjavík og Sýslumannsins á Akureyri, um að afurðirnar væru af íslenskum uppruna. Afurðirnar hafi vegna þessara röngu yfirlýsinga notið tollfríðinda við innflutning til áðurgreindra landa Evrópubandalagsins, í samræmi við bókun 9 við EES samninginn, sem væru þær íslenskar. Því er haldið fram að ákærðu hafi með þessu komið í veg fyrir að greiða þyrfti toll af afurðunum við innflutning sem að lágmarki hafi numið ISK 56,976,103.

6. Málið var dómtekið 8. apríl 2003. Eftir dómtöku taldi dómurinn rétt að framhaldsmeðferð færi fram í málinu í samræmi við 131. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Ákærðu kröfðust aðallega sýknu og til vara að refsing verði felld niður kæmi til sakfellingar. Kom m.a. fram er þeir reifuðu sjónarmið sín og lagarök að upprunareglur afurða, sem fluttar eru inn og unnar með þeim hætti sem áður er lýst, væru svo óljósar að leiddi rétt túlkun þeirra til þess að um brot væri að tefla þá væri um afsakanlega lögvillu að ræða.

7. Í þinghaldi þann 20. júní 2003 tjáðu málflytjendur sig um þá hugmynd dómenda að leitað yrði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins. Verjendur ákærðu lýstu sig mótfallna þessari hugmynd, en af hálfu ríkislögreglustjóra var hún studd eindregið. Í kjölfarið kvað Héraðsdómur Reykjaness (“Héraðsdómur”) upp þann úrskurð að leitað skyldi eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins.

### III. Álitaefni

8. Eftirfarandi spurningar voru bornar undir EFTA-dómstólinn:

**(1) Tekur orðið “viðskiptakjör” í 7. gr. bókunar 9 við EES-samninginn, sbr. og 3. viðbæti við þá bókun, til upprunareglna þeirra sem er að finna í samningi milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands sem undirritaður var 22. júlí 1972, þannig að**

**þær gangi framur upprunareglum þeim sem er að finna í bókun 4 við EES-samninginn?**

**(2) Ef upprunareglur bókunar 4 við EES-samninginn verða þrátt fyrir ákvæði 7. gr. bókunar 9, taldar eiga við um atvik málsins, telst þíðun, hausun, flökun, beinhreinsun, snyrting, söltun og pökkun fisks sem fluttur hefur verið heilfrystur til Íslands frá löndum utan EES-svæðisins nægileg aðvinnsla í skilningi þeirra reglna til þess að varan teljist af íslenskum uppruna?**

**(3) Án tillits til þess hvort dómstóllinn taki afstöðu til skýringar á bókun 3 við samninginn frá 1972 er óskað skýringa á upprunareglum bókunar 4 við EES-samninginn um það hvort þíðun, hausun, flökun, beinhreinsun, snyrting, söltun og pökkun fisks sem fluttur hefur verið heilfrystur til Íslands frá löndum utan EES-svæðisins teljist nægileg aðvinnsla til þess að varan teljist af íslenskum uppruna?**

**(4) Ef 7. gr. bókunar 9 við EES-samninginn verður talin taka til upprunareglna í samningi milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands sem vísað er til í spurningu 1 og þær upprunareglur verða álitnar ganga framur upprunareglum bókunar 4 við EES-samninginn og EFTA-dómstóllinn verður talinn bær um að láta í té álit um skýringu upprunareglna þessa samnings, telst þá vinnsla af því tagi sem lýst er í spurningu 2 nægileg aðvinnsla í skilningi þeirrar bókunar til þess að varan verði talin af íslenskum uppruna?**

**(5) Með sama fyrirvara um bægni EFTA-dómstólsins til þess að skýra samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands sem undirritaður var 22. júlí 1972, til hvaða aðildarlanda í Evrópusambandinu tekur bókun 6 við þann samning?**

#### **IV. Löggjöf**

##### *EES-samningurinn*

9. Ákvæði 2. gr. EES er svohljóðandi:

*“Í þessum samningi merkir:*

*(a) hugtakið “samningur” meginmál samningsins, bókanir við hann og viðauka auk þeirra gerða sem þar er vísað til;...”*

10. Ákvæði 3. mgr. 8. gr. EES er svohljóðandi:

“3. Ef annað er ekki tekið fram taka ákvæði samningsins einungis til:

(a) framleiðsluvara sem falla undir 25. - 97. kafla í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni, að frátöldum þeim framleiðsluvörum sem skráðar eru í bókun 2;

(b) framleiðsluvara sem tilgreindar eru í bókun 3 í samræmi við það sérstaka fyrirkomulag sem þar er greint frá.”

11. Ákvæði 20. gr. EES er svohljóðandi:

“Ákvæði og fyrirkomulag varðandi fisk og aðrar sjávarafurðir er að finna í bókun 9.”

12. Ákvæði 119. gr. EES er svohljóðandi:

“Viðaukar, svo og gerðir sem vísað er til í þeim og aðlagðar eru vegna samnings þessa, skulu auk bókana vera óaðskiljanlegur hluti samningsins.”

13. Ákvæði 120. gr. EES er svohljóðandi:

“Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum og einkum í bókunum 41 og 43 skulu ákvæði samningsins ganga frammar ákvæðum í gildandi tvíhliða eða marghliða samningum sem Efnahagsbandalag Evrópu annars vegar og eitt eða fleiri EFTA-ríki hins vegar eru bundin af að því leyti sem samningur þessi tekur til sömu efnisatriða.”

14. Ákvæði 1. mgr. 2. gr., 3. gr., 4. gr. og 5. gr. upprunalegs texta bókunar 4 við EES samninginn um upprunareglur (“bókun 4 EES”) eru svohljóðandi:

“2. grein Upprunaviðmiðanir

1. Framleiðsluvara telst upprunnin á EES í skilningi þessa samnings ef hún er að öllu leyti fengin eða hefur hlotið nægilega aðvinnslu á EES. Yfirráðasvæði samningsaðila, ásamt landhelgi, sem þessi samningur tekur til, skal teljast eitt yfirráðasvæði að því er þetta varðar.

3. grein Vara að öllu leyti fengin

1. Eftirtaldar vörur teljast að öllu leyti fengnar á EES:

(a) jarðefni unnin úr jörðu þess eða úr hafsbotni þess;

(b) vörur úr jurtaríkinu sem þar eru ræktaðar;

(c) lifandi dýr sem þar eru borin og alin;

(d) afurðir lifandi dýra sem þar eru alin;

(e) veiðibráð og fiskafurðir sem aflað er með veiðum þar;

(f) sjávarafurðir og aðrar afurðir teknar úr sjó utan landhelgi samningsaðila af skipum þeirra;

(g) vörur framleiddar um borð í verksmiðjuskipum samningsaðila, eingöngu úr afurðum sem getið er í f-lið;

(h) notaðar vörur sem þar er safnað og eingöngu er unnt að nota til að vinna hráefni úr, þar á meðal notaðir hjólbarðar sem nýtast eingöngu til sólunar eða sem úrgangur;

(i) úrgangur og rusl sem til fellur vegna framleiðslustarfsemi þar;

(j) vörur sem þar eru framleiddar eingöngu úr þeim framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í a- til i-lið.

2. Orðin “skip þeirra” og “verksmiðjuskip samningsaðila” í f- og g-lið 1. mgr. gilda aðeins um skip og verksmiðjuskip:

(a) sem eru skráð eða skrásett í aðildarríki EB eða EFTA-ríki;

(b) sem sigla undir fána aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis;

(c) sem eru að minnsta kosti 50 af hundraði í eign ríkisborgara aðildarríkja EB eða EFTA-ríkja, eða í eign fyrirtækis sem hefur aðalstöðvar í einu þessara ríkja enda sé framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórar þess, stjórnarformaður eða formaður umsjónarnefndar og meirihluti stjórnarnefndarmanna eða umsjónarnefndarmanna ríkisborgarar aðildarríkja EB eða EFTA-ríkja; auk þess sem að minnsta kosti helmingur höfuðstóls sé í eigu þessara ríkja eða opinberra stofnana eða ríkisborgara nefndra ríkja, ef um er að ræða sameignarfélög eða hlutafélög;

(d) þegar skipstjóri og yfirmenn eru ríkisborgarar aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis; og

(e) þegar að minnsta kosti 75 af hundraði áhafnarinnar eru ríkisborgarar aðildarríkja EB eða EFTA-ríkja.

4. grein Framleiðsluvörur sem hlotið hafa nægilega aðvinnslu

1. Að því er varðar 2. gr. skulu framleiðsluvörur sem ekki eru að öllu leyti fengnar á EES teljast hafa hlotið nægilega aðvinnslu þar hafi skilyrðum í II. viðbæti verið fullnægt.

Skilyrði þessi kveða á um aðvinnslu efna sem eru ekki upprunaefni og eru notuð við framleiðslu þeirra vara sem samningur þessi tekur til, og gilda þau einungis um slík efni. Af þeim sökum skal framleiðsluvara sem telst upprunavara vegna þess að skilyrðum sem sett eru í lista um hana er fullnægt, og er notuð við framleiðslu annarrar vöru, ekki þurfa að fullnægja skilyrðum sem gilda um vöruna sem hún er sett saman við, og skal ekki taka tillit til þess að efnin sem notuð eru við framleiðslu hennar eru ekki upprunaefni.

2. Þrátt fyrir 1. mgr., en með þeirri undantekningu sem leiðir af 4. mgr. 11. gr., skal efni sem ekki telst upprunaefni ekki notað við framleiðslu þessarar vöru, samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í lista um hana, nema því aðeins að:

(a) heildarverðmæti þeirra sé ekki meira en 10 af hundraði af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar;

(b) ekki sé farið fram úr einni eða fleiri hundraðshlutatölum af því hámarksverðmæti sem gefið er upp fyrir efni sem ekki teljast upprunaefni og fram koma í listanum, vegna beitingar þessarar málsgreinar.

Þessi málsgrein gildir ekki um framleiðsluvörur sem teljast til 50. – 63. kafla í samræmdu tollskránni.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda nema að því leyti sem kveðið er á um í 5. gr.

#### 5. grein Ófullnægjandi aðvinnsla

1. Eftirfarandi aðgerðir teljast ófullnægjandi aðvinnsla sem ekki veitir upprunaréttindi óháð því hvort kröfum 4. gr. hefur verið fullnægt:

(a) aðgerð til að tryggja að framleiðsluvörur haldist óskemmdar meðan á flutningi og geymslu stendur (viðrun, breiðsla, þurrkun, kæling, pækilsöltun, niðurlagning í brennisteinsvatn eða aðrar vatnsupplausnir, fjarlæging skemmdra hluta og sambærilegar aðgerðir);

(b) einfaldar aðgerðir til að rykhreinsa, sigta eða sálda, sundurgreina, flokka, velja saman (þar á meðal að útbúa hluti í samstæður), þvo, mála eða hluta í sundur;

(c)( i) skipti á umbúðum, svo og uppskipting og sameining;

(ii) einföld setning á flöskur, glös, í poka, kassa, öskjur, á spjöld eða töflur o.s.frv. og allar aðrar einfaldar pökkunaraðgerðir;

(d) festing merkja, miða eða annarra slíkra auðkenna á framleiðsluvörur eða umbúðir þeirra;

(e) einföld blöndun framleiðsluvara, hvort sem um er að ræða ólíkar vörur eða ekki, þar sem einn eða fleiri íhlutar blöndunnar fullnægja ekki skilyrðum þeim um uppruna á EES sem sett eru í þessari bókun;

(f) einföld samsetning vöruhluta þannig að úr verði fullgerð framleiðsluvara;

(g) sameining tveggja eða fleiri aðgerða sem tilgreindar eru í a- til f-lið;

(h) slátrun dýra.

2. Litið skal á allar aðgerðir, sem fara fram á EES á tiltekinni framleiðsluvöru, sem eina heild þegar ákvarðað er hvort aðvinnsla hennar teljist ófullnægjandi í skilningi 1. mgr. ”

15. Með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 71/96 frá 22. nóvember 1996<sup>2</sup> leysti nýr texti eldri texta bókunar 4 EES af hólmi. Ákvæði 1. mgr. 2. gr., 4. gr., 5. gr. og 6. gr. bókunarinnar eins og henni var breytt eru svohljóðandi:

*“2. grein Almennar kröfur*

*1. Framleiðsluvara telst upprunnin á EES í skilningi þessa samnings ef hún er fengin að öllu leyti þar í skilningi 4. gr. eða hefur hlotið nægilega aðvinnslu á EES í skilningi 5. gr. Yfirráðasvæði samningsaðila sem þessi samningur tekur til, skal teljast eitt yfirráðasvæði að því er þetta varðar.*

*4. grein Framleiðsluvara fengin að öllu leyti*

*1. Eftirtaldar vörur teljast fengnar að öllu leyti á EES:*

*(a) jarðefni unnin úr jörðu þess eða úr hafsbotni þess;*

*(b) vörur úr jurtaríkinu sem þar eru ræktaðar;*

*(c) lifandi dýr sem þar eru borin og alin;*

*(d) afurðir lifandi dýra sem þar eru alin;*

*(e) veiðibráð og fiskafurðir sem aflað er með veiðum þar;*

*(f) sjávarafurðir og aðrar afurðir teknar úr sjó utan landhelgi samningsaðila af skipum þeirra;*

*(g) vörur framleiddar um borð í verksmiðjuskipum þeirra, eingöngu úr afurðum sem getið er í f-lið;*

*(h) notaðar vörur sem þar er safnað og eingöngu er unnt að nota til að vinna hráefni úr, þar á meðal notaðir hjólbarðar sem nýtast eingöngu til sólunar eða sem úrgangur;*

*(i) úrgangur og rusl sem til fellur vegna framleiðslustarfsemi þar;*

*(j) vörur unnar úr yfirborðslögum hafsbotnsins utan landhelgi samningsríkjanna, að því tilskildu að þau hafi einkarétt á að vinna úr þessum lögum;*

*(k) vörur sem þar eru framleiddar eingöngu úr þeim framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í a- til j-lið.*

*2. Orðin “skip þeirra” og “verksmiðjuskip þeirra” í f- og g-lið 1. mgr. gilda aðeins um skip og verksmiðjuskip:*

*(a) sem eru skráð eða skrásett í aðildarríki EB eða EFTA-ríki;*

---

<sup>2</sup> OJ 1997 L 21, bls. 12, tók gildi 1. janúar 1997.

(b) sem sigla undir fána aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis;

(c) sem eru að minnsta kosti 50 af hundraði í eign ríkisborgara aðildarríkja EB eða EFTA-ríkis, eða í eign fyrirtækis sem hefur aðalstöðvar í einu þessara ríkja enda sé framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórnar þess stjórnarformaður eða formaður umsjónarnefndar og meirihluti stjórnarnefndarmanna eða umsjónarnefndarmanna ríkisborgarar aðildarríkja EB eða EFTA-ríkis; auk þess sem að minnsta kosti helmingur höfuðstóls sé í eigu þessara ríkja eða opinberra stofnana eða ríkisborgara nefndra ríkja, ef um er að ræða sameignarfélög eða hlutafélög;

(d) þegar skipstjóri og yfirmenn eru ríkisborgarar aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis; og

(e) þegar að minnsta kosti 75 af hundraði áhafnarinnar eru ríkisborgarar aðildarríkja EB eða EFTA-ríkis.

#### 5. grein Framleiðsluvörur sem hlotið hafa nægilega aðvinnslu

1. Að því er varðar 2. gr. skulu framleiðsluvörur sem ekki eru fengnar að öllu leyti teljast hafa hlotið nægilega aðvinnslu hafi skilyrðum í II. viðauka verið fullnægt.

Skilyrði þessi kveða á um aðvinnslu efna sem eru ekki upprunaefni og eru notuð við framleiðslu þeirra vara sem samningur þessi tekur til, og gilda þau einungis um slík efni. Af þeim sökum skal framleiðsluvara sem telst upprunavara vegna þess að skilyrðum sem sett eru í lista um hana er fullnægt, og er notuð við framleiðslu annarrar vöru, ekki þurfa að fullnægja skilyrðum sem gilda um vöruna sem hún er sett saman við, og skal ekki taka tillit til þess að efnin sem notuð eru við framleiðslu hennar eru ekki upprunaefni.

2. Þrátt fyrir 1. mgr., skal efni sem ekki telst upprunaefni ekki notað við framleiðslu þessarar vöru, samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í lista um hana, nema því aðeins að:

(a) heildarverðmæti þeirra sé ekki meira en 10 af hundraði af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar;

(b) ekki sé farið fram úr einni eða fleiri hundraðshlutatölum af því hámarksverðmæti sem gefið er upp fyrir efni sem ekki teljast upprunaefni og fram koma í listanum, vegna beitingar þessarar málsgreinar.

Þessi málsgrein gildir ekki um framleiðsluvörur sem teljast til 50. – 63. kafla í samræmdu tollskránni.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda nema að því leyti sem kveðið er á um í 6. gr.

#### 6. grein Ófullnægjandi aðvinnsla



1. Með fyrirvara um 2. mgr. teljast eftirfarandi aðgerðir ófullnægjandi aðvinnsla sem ekki veitir upprunaréttindi óháð því hvort kröfum 5. gr. hefur verið fullnægt:

(a) aðgerð til að tryggja að framleiðsluvörur haldist óskemmdar meðan á flutningi og geymslu stendur (viðrun, breiðsla, þurrkun, kæling, þækilsöltun, niðurlagning í brennisteinsvatn eða aðrar vatnsupplausnir, fjarlæging skemmdra hluta og sambærilegar aðgerðir);

(b) einfaldar aðgerðir til að rykhreinsa, sigta eða sálða, sundurgreina, flokka, velja saman (þar á meðal að útbúa hluti í samstæður), þvo mála eða hluta í sundur;

(c) (i) skipti á umbúðum, svo og uppskipting og sameining;

(ii) einföld setning á flöskur, glös, í poka, kassa, öskjur, á spjöld eða töflur o.s.frv. og allar aðrar einfaldar pökkunaraðgerðir;

(d) festing merkja, miða eða annarra slíkra auðkenna á framleiðsluvörur eða umbúðir þeirra;

(e) einföld blöndun framleiðsluvara, hvort sem um er að ræða ólíkar vörur eða ekki, þar sem einn eða fleiri íhlutar blöndunnar fullnægja ekki skilyrðum þeim um uppruna á EES sem sett eru í þessari bókun;

(f) einföld samsetning vöruhluta þannig að úr verði fullgerð framleiðsluvara;

(g) sameining tveggja eða fleiri aðgerða sem tilgreindar eru í a- til f-lið;

(h) slátrun dýra.

2. Litið skal á allar aðgerðir, sem fara fram á EES á tiltekinni framleiðsluvöru, sem eina heild þegar ákvarðað er hvort aðvinnsla hennar teljist ófullnægjandi í skilningi 1. mgr.”

16. Texta bókunar 4 EES var síðar breytt með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 114/2000 frá 22. desember 2000<sup>3</sup> (“ákvörðun nr. 114/2000”) þannig að ákvæði 6. gr. bókunarinnar hljóðaði svo:

“6. grein Ófullnægjandi aðvinnsla

1. Með fyrirvara um 2. mgr. teljast eftirfarandi aðgerðir ófullnægjandi aðvinnsla sem ekki veitir upprunaréttindi óháð því hvort kröfum 5. gr. hefur verið fullnægt:

(a) aðgerðir til að tryggja að framleiðsluvörur haldist óskemmdar meðan á flutningi og geymslu stendur;

(b) uppskipting eða sameining vörusendinga;

<sup>3</sup> OJ 2001 L 52, bls. 40, tók gildi 1. janúar 2001.

- (c) þvottur, hreinsun; ryk, ryð, olía, málning og annað yfirborðsefni fjarlæggt;
- (d) straujun og pressun textílefna;
- (e) einfaldar aðgerðir til að mála og fægja;
- (f) afhýðing, bleiking í heild eða að hluta, slípun og sykurlúðun korns og hrísgrjóna;
- (g) aðgerðir til að lita sykurlúðun eða búna til sykurmola;
- (h) aðgerðir til að afhýða, taka steina úr og skurn af ávöxtum, hnetum og grænmeti;
- (i) skerping, einföld slípun eða einfaldur skurður;
- (j) sigtun, sáldun, sundurgreining, flokkun, velja saman (þar á meðal að setja hluti í samstæður);
- (k) einföld setning á flöskur, í dósir, poka, öskjur, kassa, á spjöld eða töflur og allar aðrar einfaldar pökkunaraðgerðir;
- (l) festing merkja, miða, kennimerkja og annarra slíkra auðkenna á framleiðsluvörur eða umbúðir þeirra;
- (m) einföld blöndun framleiðsluvara, hvort sem um er að ræða ólíkar vörur eða ekki;
- (n) einföld samsetning vöruhluta þannig að úr verði fullgerð framleiðsluvara eða sundurhlutun framleiðsluvara;
- (o) sambland tveggja eða fleiri aðgerða sem tilgreindar eru í a- til n-lið;
- (p) slátrun dýra.

2. *Litið skal á allar aðgerðir, sem fara fram á EES-svæðinu á tiltekinni framleiðsluvöru sem eina heild þegar ákvarðað er hvort aðvinnsla hennar teljist ófullnægjandi í skilningi I. mgr.*”

17. Bókun 4 EES var síðast breytt með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 38/2003 frá 14. mars 2003<sup>4</sup> þar sem þágildandi texti var leystur af hólmi í heild sinni með nýjum texta.

18. Viðbætur II með upprunalegri bókun 4 EES og viðauki II með bókun 4 EES eins og hún hljóðaði eftir ákvörðun nr. 71/96 inniheldur “Skrá yfir þá aðvinnslu efna er ekki teljast upprunaefni sem þarf til að framleiðsluvörur öðlist upprunaréttindi”. Í viðauka (viðbæti) II kemur fram að allar vörur sem lýst er í kafla 3 í samræmdu vörulýsingar- og vörunúmeraskránni (“samræmda

<sup>4</sup> OJ 2003 L 137, bls. 46, tók gildi 1. júlí 2004.

tollskráin”), “Fiskur og krabbadýr, lindýr og aðrir vatna- og sjávarhryggleysingar”, og notaðar eru “verða að vera að öllu leyti fengin” til þess að öðlast upprunaréttindi.

19. Ákvæði 1. mgr. 2. gr. bókunar 9 við EES-samninginn um viðskipti með fisk og aðrar sjávarafurðir (“bókun 9 EES”) er svohljóðandi:

*“1. Bandalagið skal við gildistöku samningsins fella niður innflutningstolla og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif af þeim vörum sem tilgreindar eru í töflu II í 2. viðbæti.”*

20. Ákvæði 3. gr. bókunar 9 EES er svohljóðandi:

*“Ákvæði 1. og 2. gr. skulu gilda um vörur sem eru upprunnar hjá samningsaðilum. Upprunareglur er að finna í bókun 4 við samninginn.”*

21. Ákvæði 7. gr. bókunar 9 EES er svohljóðandi:

*“Ákvæði samninganna sem taldir eru upp í 3. viðbæti skulu hafa forgangsgildi gagnvart ákvæðum þessarar bókunar að því leyti sem viðkomandi EFTA-ríkjum eru þar veitt betri viðskiptakjör en gert er í þessari bókun.”*

22. Viðbætur 3 með bókun 9 EES vísar til þriggja samninga milli bandalagsins og einstakra EFTA-ríkja. Hvað Ísland varðar, segir í þriðja lið:

*“Ákvæði 1. gr. bókunar nr. 6 við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands sem undirritaður var 22. júlí 1972.”*

#### *Fríverslunarsamningurinn*

23. Ákvæði 34. gr. fríverslunarsamningsins<sup>5</sup> er svohljóðandi:

*“Viðaukar og bókanir, sem fylgja samningi þessum, eru óaðskiljanlegir hlutar samningsins.”*

24. Ákvæði 1. gr., 4. gr. og 5. gr. bókunar 3 við fríverslunarsamninginn, varðandi skilgreiningu hugtaksins “upprunavörur” eða “vörur upprunnar...” og varðandi fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda<sup>6</sup>, er svohljóðandi:

*“1. grein*

*Við framkvæmd samningsins milli Efnahagsbandalagsins og Íslands, og án þess að brotið sé í bága við 2. og 3. gr. þessarar bókunar, skulu eftirfarandi vörur taldar:*

...

<sup>5</sup> OJ 1972 L 301, bls. 2; sérstakur viðbætur á ensku, desember 1972, bls. 4.

<sup>6</sup> OJ 1972 L 301, bls. 104; sérstakur viðbætur á ensku, desember 1972, bls. 106.

2. upprunnar á Íslandi:

(a) Vörur að öllu leyti fengnar á Íslandi;

(b) vörur fengnar á Íslandi, sem í eru notaðar aðrar vörur en þær, sem taldar eru í a-lið, að því tilskildu, að þær vörur hafi hlotið nægilega aðvinnslu í skilningi 5. gr. Þessu skilyrði þarf þó ekki að fullnægja að því er varðar vörur, sem eru upprunnar í Efnahagsbandalaginu í skilningi þessarar bókunar.

...

4. grein

Eftirtaldar vörur eru taldar fengnar að öllu leyti annaðhvort í Efnahagsbandalaginu eða á Íslandi í skilningi a-liðs 1. tl. og a-liðs 2. tl. 1. gr.:

(a) Jarðefni, sem unnin eru úr jörðu í landi þeirra eða úr hafsbotni þeirra;

(b) vörur úr gróðurrikinu, sem þar eru ræktaðar;

(c) lifandi dýr, sem þar eru borin og alin;

(d) afurðir lifandi dýra, sem þar eru alin;

(e) veiðibráð og fiskafurðir, sem aflað er með veiðum þar;

(f) sjávarafurðir, sem aflað er frá skipum þeirra;

(g) vörur framleiddar um borð í verksmiðjuskipum þeirra, algerlega úr efnivöru, sem við er átt í f-lið;

(h) notaðar vörur, sem þar er safnað og ekki er hægt að nota aftur, nema sem hráefni;

(i) úrgangsefni iðnaðar, sem þar er stundaður;

(j) vörur, sem algerlega eru framleiddar þar úr efnivörum, sem taldar eru í lið a til i.

5. grein

1. Við beitingu ákvæða b-liðs 1. tl. og b-liðs 2. tl. 1. gr. teljast fullnægjandi:

(a) aðvinnsla, sem hefur í för með sér, að framleidd vara fellur undir annað tollskrárnúmer en það, sem efnivörurnar falla undir hver fyrir sig, þó að undanskilinni meðferð, sem tiltekin er í lista A og hin sérstöku ákvæði listans eiga við;

(b) aðvinnsla, sem lýst er í lista B.

*Með flokk, kafla og tollskrárnúmeri er átt við flokk, kafla og tollskrárnúmer í Bruxelles-tollnafnaskránni um flokkun vörutegunda í tollskrá.*

*2. Þegar hundraðshluta efnivara, sem nota má í framleiðslu tiltekinnar vöru, eru takmörk sett í listum A eða B, getur heildarverðmæti þessara efnivara – miðað við verðmæti framleiddu vörunnar – ekki farið fram úr því verðmæti, sem svarar til sameiginlegs hámarks, ef háörkin eru þau sömu í báðum listunum, eða þess, sem er hærra, ef þau eru mismunandi. Í þessu sambandi skiptir eigi máli, hvort vörunnar hafa færst milli tollskrárnúmera við aðvinnsluna eða samsetninguna eða ekki, innan þeirra marka og með þeim skilyrðum, sem kveðið er á um í hvorum listanum um sig.*

*3. Við beitingu ákvæða b-liðs 1. tl. og b-liðs 2. tl. 1. gr. verður aðvinnsla eigi talin nægileg til að varan fullnægi skilyrðum um uppruna, hvort sem hún skiptir um tollskrárnúmer eða ekki:*

*(a) Þegar meðferðin miðar að því að tryggja, að varan haldist óskemmd, meðan á flutningi og geymslu stendur (viðrun, breiðsla, þurrkun, kæling, pækilsöltun, niðurlagning í brennisteinsvatn eða vatn, sem bætt er í öðrum efnum, hreinsun með því að fjarlægja skemmda hluta og lík meðferð);*

*(b) þegar um einfalda meðferð er að ræða til að rykhreinsa, sálda, sundurgreina, flokka, velja saman (þar á meðal söfnun í sett), þvo, mála eða hluta í sundur;*

*(c)(i) þegar skipt er um umbúðir eða vörum skipað í minni eða stærri sendingar;*

*(ii) þegar varan er aðeins sett á flöskur eða glös, í poka, hylki eða öskjur, á bakka o. s. frv. eða sett á annan einfaldan hátt í umbúðir;*

*(d) þegar sett eru merki, miðar eða önnur slík auðkenni á vörunnar sjálfar eða umbúðir þeirra;*

*(e) þegar um einfalda blöndun vara er að ræða, hvort sem um ólíkar vörur er að ræða eða ekki, ef einn eða fleiri hlutar blöndunnar fullnægja ekki skilyrðum þeim um uppruna, sem sett eru í þessari bókun;*

*(f) þegar hlutar eru settir saman á einfaldan hátt í því skyni að gera heilan hlut;*

*(g) þegar beitt er saman tveimur eða fleiri aðferðum, sem lýst er í a-f liðum hér að framan;*

*(h) þegar dýrum er slátrað.”*

25. Bókun 3 við fríverslunarsamninginn hefur verið breytt nokkrum sinnum, m.a. með ákvörðun sameiginlegu nefndar EB og Íslands nr. 1/96 frá 19. desember 1996<sup>7</sup> (ákvörðun nr. 1/96), sem tók gildi 1. janúar 1997. Ákvæði 2. mgr. 2. gr., 5. gr., 6. gr. og 7. gr. eru svohljóðandi:

---

<sup>7</sup> OJ 1997 L 195, bls. 101.

“2. grein Almennar kröfur

2. Framleiðsluvara telst upprunnin á Íslandi í skilningi þessa samnings:

(a) ef hún er fengin að öllu leyti þar í skilningi 5. gr.;

(b) ef hún er fengin á Íslandi og inniheldur efni sem ekki eru að öllu leyti fengin þar enda hafi hún hlotið nægilega aðvinnslu á Íslandi í skilningi 6. gr.

5. grein Framleiðsluvara fengin að öllu leyti

1. Eftirtaldar vörur teljast fengnar að öllu leyti í bandalaginu eða á Íslandi:

(a) jarðefni unnin úr jörðu þess eða úr hafsbotni þess;

(b) vörur úr jurtaríkinu sem þar eru ræktaðar;

(c) lifandi dýr sem þar eru borin og alin;

(d) afurðir lifandi dýra sem þar eru alin;

(e) veiðibráð og fiskafurðir sem aflað er með veiðum þar;

(f) sjávarafurðir og aðrar afurðir teknar úr sjó utan landhelgi bandalagsins eða Íslands af skipum þeirra;

(g) vörur framleiddar um borð í verksmiðjuskipum þeirra, eingöngu úr afurðum sem getið er í f-lið;

(h) notaðar vörur sem þar er safnað og eingöngu er unnt að nota til að vinna hráefni úr, þar á meðal notaðir hjólbarðar sem nýtast eingöngu til sólunar eða sem úrgangur;

(i) úrgangur og rusl sem til fellur vegna framleiðslustarfsemi þar;

(j) vörur unnar úr yfirborðslögum hafsbotnsins utan landhelgi samningsríkjanna, að því tilskildu að þau hafi einkarétt á að vinna úr þessum lögum;

(k) vörur sem þar eru framleiddar eingöngu úr þeim framleiðsluvörum sem tilgreindar eru í a- til j-lið.

2. Orðin “skip þeirra” og “verksmiðjuskip þeirra” í f- og g-lið 1. mgr. gilda aðeins um skip og verksmiðjuskip:

(a) sem eru skráð eða skrásett í aðildarríki EB eða Íslandi;

(b) sem sigla undir fána aðildarríkis EB eða Íslands;

(c) sem eru að minnsta kosti 50 af hundraði í eign ríkisborgara aðildarríkja EB eða Íslands, eða í eign fyrirtækis sem hefur aðalstöðvar í einu þessara ríkja

enda sé framkvæmdastjóri eða framkvæmdastjórar þess stjórnarformaður eða formaður umsjónarnefndar og meirihluti stjórnarnefndarmanna eða umsjónarnefndarmanna ríkisborgarar aðildarríkja EB eða Íslands; auk þess sem að minnsta kosti helmingur höfuðstóls sé í eigu þessara ríkja eða opinberra stofnana eða ríkisborgara nefndra ríkja, ef um er að ræða sameignarfélög eða hlutafélög;

(d) þegar skipstjóri og yfirmenn eru ríkisborgarar aðildarríkis EB eða Íslands; og

(e) þegar að minnsta kosti 75 af hundraði áhafnarinnar eru ríkisborgarar aðildarríkja EB eða Íslands.

#### 6. grein Framleiðsluvörur sem hlotið hafa nægilega aðvinnslu

1. Að því er varðar 2. gr. skulu framleiðsluvörur sem ekki eru fengnar að öllu leyti teljast hafa hlotið nægilega aðvinnslu hafi skilyrðum í II. viðauka verið fullnægt.

Skilyrði þessi kveða á um aðvinnslu efna sem eru ekki upprunaefni og eru notuð við framleiðslu þeirra vara sem samningur þessi tekur til, og gilda þau einungis um slík efni. Af þeim sökum skal framleiðsluvara sem telst upprunavara vegna þess að skilyrðum sem sett eru í lista um hana er fullnægt, og er notuð við framleiðslu annarrar vöru, ekki þurfa að fullnægja skilyrðum sem gilda um vöruna sem hún er sett saman við, og skal ekki taka tillit til þess að efnin sem notuð eru við framleiðslu hennar eru ekki upprunaefni.

2. Þrátt fyrir 1. mgr., skal efni sem ekki telst upprunaefni ekki notað við framleiðslu þessarar vöru, samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í lista um hana, nema því aðeins að:

(a) heildarverðmæti þeirra sé ekki meira en 10 af hundraði af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar;

(b) ekki sé farið fram úr einni eða fleiri hundraðshlutatölum af því hámarksverðmæti sem gefið er upp fyrir efni sem ekki teljast upprunaefni og fram koma í listanum, vegna beitingar þessarar málsgreinar.

Þessi málsgrein gildir ekki um framleiðsluvörur sem teljast til 50. – 63. kafla í samræmdu tollskránni.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda nema að því leyti sem kveðið er á um í 7. gr.

#### 7. grein Ófullnægjandi aðvinnsla

1. Með fyrirvara um 2. mgr. teljast eftirfarandi aðgerðir ófullnægjandi aðvinnsla sem ekki veitir upprunaréttindi óháð því hvort kröfum 6. gr. hefur verið fullnægt:

(a) Aðgerð til að tryggja að framleiðsluvörur haldist óskemmdar meðan á flutningi og geymslu stendur (viðrun, breiðsla, þurrkun, kæling, pækilsöltun,

*niðurlagning í brennisteinsvatn eða aðrar vatnsupplausnir, fjarlæging skemmdra hluta og sambærilegar aðgerðir);*

*(b) einfaldar aðgerðir til að rykhreinsa, sigta eða sálða, sundurgreina, flokka, velja saman (þar á meðal að útbúa hluti í samstæður), þvo mála eða hluta í sundur;*

*(c)( i) skipti á umbúðum, svo og uppskipting og sameining;*

*(ii) einföld setning á flöskur, glös, í poka, kassa, öskjur, á spjöld eða töflur o.s.frv. og allar aðrar einfaldar pökkunaraðgerðir;*

*(d) festing merkja, miða eða annarra slíkra auðkenna á framleiðsluvörur eða umbúðir þeirra;*

*(e) einföld blöndun framleiðsluvara, hvort sem um er að ræða ólíkar vörur eða ekki, þar sem einn eða fleiri íhlutar blöndunnar fullnægja ekki skilyrðum þeim um uppruna í bandalaginu eða á Íslandi sem sett eru í þessari bókun;*

*(f) einföld samsetning vöruhluta þannig að úr verði fullgerð framleiðsluvara;*

*(g) sameining tveggja eða fleiri aðgerða sem tilgreindar eru í a- til f-lið;*

*(h) slátrun dýra.*

*2. Litið skal á allar aðgerðir, sem fara fram í bandalaginu eða á Íslandi á tiltekinni framleiðsluvöru, sem eina heild þegar ákvarðað er hvort aðvinnsla hennar teljist ófullnægjandi í skilningi 1. mgr.”*

26. Viðauki 2 með bókun 3 við fríverslunarsamninginn, eins og henni var breytt með ákvörðun nr. 1/96, er samhljóða viðauka 2 við bókun 4 EES hvað varðar vörur sem falla undir kafla 3 í samræmdu tollskránni.

27. Í 1. gr. bókunar 6 við fríverslunarsamninginn, varðandi sérstök ákvæði um innflutning til Efnahagsbandalagsins á tilteknum sjávarafurðum segir<sup>8</sup>:

*“Að því er varðar afurðir, sem taldar eru hér á eftir og upprunnar eru á Íslandi:*

*(a) verða engir nýir tollar teknir upp í viðskiptum Efnahagsbandalagsins og Íslands,*

*(b) verður ákvæðum 2., 3. og 4. tl. 3. gr. sammingsins beitt við innflutning til Efnahagsbandalagsins, í upphaflegri mynd þess, til Írlands og til Bretlands, þó þannig að fyrstu tollalækkunarverða 1. júlí 1973 í stað 1. apríl 1973.*

*[Eftirfarandi tafla vísar til tiltekinna vara í sameiginlegu tollskránni sem m.a. falla undir nr. 03.01– Fiskur, nýr (lifandi eða dauður), kældur eða frystur: B. úr sjó: II: flök (b) fryst C. lifur, hrogn og svil. - Nr. 03.02 – Fiskur, þurrkaður,*

<sup>8</sup>

OJ 1972 L 301, bls. 156; sérstakur viðbætur á ensku, desember 1972, bls. 158.



*saltaður eða í saltlegi; reyktur fiskur, einnig soðinn áður eða jafnframt reykingu: C. lifur, hrogn og svil. - Nr. 16.04 – Fiskur, tilreyddur eða niðursoðinn, þar með talin styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra: A. styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra.]*

[...]

*2. Innflutningstollar Efnahagsbandalagsins á eftirtöldum afurðum upprunnum á Íslandi:*

*[Eftirfarandi tafla vísar til sameiginlegu tollskrárinnar nr. 03.01 – Fiskur, nýr (lifandi eða dauður), kældur eða frystur: B. úr sjó: I. heill, hausaður eða skorinn í bita: ... (h) þorskur (Gadus morrhua or Gadus callarias) ...]*

*breytast þannig:*

[...]

*fyrir vörur í tollskrárnúmeri 03.01 B I h ...*

*[Eftirfarandi tafla vísar til tolls “á innflutning til bandalagsins, í upphaflegri mynd þess, og til Írlands”, sem og innflutnings til Bretlands, Danmerkur og Noregs. Tollurinn nemur 3.7 % frá og með 1. janúar 1976.]*

*“Varðandi innflutning þessara afurða gildir það viðmiðunarverð, sem Efnahagsbandalagið ákveður.”*

## **V. Skriflegar greinargerðir**

28. Í samræmi við 20. gr. stofnsamþykktar EFTA-dómstólsins og 97. gr. starfsreglna hans hafa greinargerðir borist frá eftirtöldum aðilum:

- Ríkislögreglustjóra. Í fyrirsvari er Helgi Magnús Gunnarsson, ftr.;
- Ákærða, Ásgeiri Loga Ásgeirssyni. Í fyrirsvari sem umboðsmaður er Rúna S. Geirsdóttir, hdl., Seltjarnarnesi;
- Ákærða, Axel Pétri Ásgeirssyni. Í fyrirsvari sem umboðsmaður er Magnús Thoroddsen, hrl., Reykjavík;
- Ákærða, Helga Má Reynissyni. Í fyrirsvari sem umboðsmaður er Lárentsínus Kristjánsson, hrl., Keflavík;
- Ríkisstjórn Íslands. Í fyrirsvari sem umboðsmaður er Finnur Þór Birgisson, lögfræðingur, utanríkisráðuneytinu;

- Eftirlitsstofnun EFTA. Í fyrirsvári eru sem umboðsmenn Per Andreas Bjørgan og Arne Torsten Andersen, lögfræðingar á lögfræði- og framkvæmdasviði;
- Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna. Í fyrirsvári sem umboðsmaður er Xavier Lewis hjá lagadeildinni.

### *Ríkislögreglustjóri*

29. Í greinargerð um málsatvik, tekur ríkislögreglustjóri fram að þorskurinn sem um ræðir sé af tegundinni *Gadus Morhua* (Atlantshafsporskur) og *Gadus macrocephalus* (Kyrrahafsporskur) sem, ef hann ætti uppruna í Rússlandi eða Bandaríkjunum, bæri 13-20% innflutningstoll. Tollaflokkarnir sem um ræðir eru 03053019 og 03056200 í samræmdu tollskránni. Einnig er upplýst að hráefnið hafi verið veitt að öllu leyti af skipum í eigu og undir stjórn rússneskra og bandarískra útgerðarfyrirtækja.

30. Frekari upplýsingar eru gefnar varðandi aðgengi að viðkomandi samningum og bókunum á Íslandi. Fram kemur að breytingarnar frá 1996 og 2000 við Bókun 4 EES hafi verið birtar opinberlega sem hluti af árlegri skrá, þar sem ekki hafi komið fram efnisatriði, heldur aðeins tilvitnun til EES-viðauka við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna. Því virðist ríkislögreglustjóra líklegt að það sé hin upphaflega bókun 4 EES sem gildi gagnvart ákærðu, þar sem hún hafi birst með lögboðnum hætti. Breytingin á Bókun 3 við fríverslunarsamninginn skv. ákvörðun nr. 1/96 hafi aðeins birst í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna og ekki einu sinni verið getið í Stjórnartíðindum á Íslandi. Því sé ólíklegt að hún gildi um ákærðu, þar sem hún hafi ekki birst með lögboðnum hætti á Íslandi.

31. Að því er varðar fyrstu spurninguna, tekur ríkislögreglustjóri fram að 1. gr. bókunar 6 við fríverslunarsamninginn, sem 7. gr. bókunar 9 EES og 3. viðbæturinn við hana vísa til, fjalli einungis um innflutningstolla og niðurfellingu þeirra, en ekki um upprunareglur. Með gagnályktun megi ráða að ekki hafi verið ætlunin að ákvæði samningsins um uppruna féllu undir hugtakið “viðskiptakjör”. Upprunareglur séu annars eðlis en viðskiptakjör.

32. Ríkislögreglustjóri vísar ennfremur til ákvörðunar nr. 1/96, þar sem upprunareglunum í bókun 3 við fríverslunarsamninginn var breytt til samræmis við reglurnar í bókun 4 EES. Því teljist fyrsta spurningin fræðilegs eðlis. Í ljósi þess, hins vegar, að breytingarnar hafi ekki verið ekki birtar með lögformlegum hætti á Íslandi, kunní álit EFTA-dómstólsins um þetta efni að hafa áhrif á niðurstöðu málsins. Þar sem Héraðsdómur telji mikilvægt að fá fram túlkun á ákvæði EES-samningsins til þess að svara fyrstu spurningunni, beri EFTA-dómstólnum að svara spurningunni í ljósi 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (“samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls”).

33. Ríkislögreglustjóri fjallar um aðra og þriðju spurninguna sameiginlega. Ákvæði 4. og 5. gr. bókunar 4 EES, með áorðnum breytingum skv. ákvörðun nr. 71/96 og viðauka 2, fjalli um með hvaða hætti framleiðsluvara teljist fengin að öllu leyti og um vinnslu vöru. Í umfjölluninni kemur fram að varan sem hér um ræðir uppfylli ekki skilyrði 4. gr. þar sem hún sé ekki veidd af íslenskum fiskiskipum. Skv. 1. mgr. 5. gr. og viðauka 2 við bókun 4 við EES samninginn geti aðvinnsla fiskafurða aldrei leitt til breytingar á uppruna þeirra. Þar sem fiskafurðir verði að öllu leyti að vera fengnar skv. skránni í viðauka 2 öðlist þær ekki upprunaréttindi við vinnslu. Þar sem reglunum um aðvinnslu í bókun 4 við EES-samninginn sé ekki ætlað að gilda um fiskafurðir, hafi túlkun á þeim ekkert gildi. Spurningarnar séu því einungis fræðilegar, jafnvel þótt svörin kunni að vera Héraðsdómi mikilvæg við túlkun á fyrri útgáfu bókunar 3 við fríverslunarsamninginn. Ríkislögreglustjóri leggur til að spurningunum tveimur verði vísað frá dómstólnum á grundvelli 1. mgr. 88. gr. starfsreglna dómsins.

34. Komist dómstóllinn hins vegar að þeirri niðurstöðu að hann sé til þess bær að skýra 6. gr. bókunar 4 við EES samninginn að því er varðar fiskafurðir, hljóti aðvinnslan, sem lýst er í annarri spurningunni, að teljast ófullnægjandi. Aðvinnsla af þessu tagi svarar til þess sem lýst er í 6. gr. sem ófullnægjandi aðvinnslu. Í þessu sambandi er vísað til a-, i- og o-liða 1. mgr. 6. gr. bókunar 4 EES, með áorðnum breytingum skv. ákvörðun nr. 114/2000. Aðvinnsla fisksins í þessu tilviki hafi einfaldlega falist í því að aðskilja og salta hann til geymslu í ófrosnu formi.

35. Að því er varðar fjórðu og fimmtu spurningu, telur ríkislögreglustjóri að það sé ekki á valdi EFTA-dómstólsins að skýra fríverslunarsamninginn og leggur til að þessum spurningum verði vísað frá dómstólnum skv. 1. mgr. 88. gr. starfsreglnanna. Jafnvel þótt EFTA-dómstóllinn gæti fjallað um alþjóðlega samninga aðra en EES-samninginn, t.a.m. vegna tengsla þeirra við EES-samninginn, geti EFTA-dómstóllinn ekki skýrt eldri útgáfu bókunar 3 við fríverslunarsamninginn, sem hafi verið ógilt með síðari breytingum. Ekki skipti máli í þessu sambandi að síðari breytingar við bókun 3 hafi ekki verið birtar með lögformlegum hætti að íslenskum lögum. Af þessum sökum teljist spurningarnar tvær ekki hafa neitt efnislegt gildi í máli þessu. Telji EFTA-dómstóllinn engu að síður að hann sé til þess bær að fjalla um túlkun á bókun 3 við fríverslunarsamninginn, ítrekar ríkislögreglustjóri þá skoðun sína að aðvinnsla vörunnar hafi verið ófullnægjandi.

36. Ríkislögreglustjóri vísar einnig til þeirrar skoðunar eins hinna ákærðu þess efnis að það teljist fullnægjandi aðvinnsla í skilningi b-liðar 2. mgr. 1. gr. og a-liðar 1. mgr. 5 gr. fríverslunarsamningsins ef hin unna afurð fellur undir annað tollskrárnúmer en hráefnið. Er því haldið fram að þetta eigi við um heilfrystan þorsk, annars vegar, og saltaðan, flattan eða flakaðan þorsk hins vegar. Þessi rök styðjast við upphaflegu bókunina frá 1972 og, eftir því sem við á, breytinguna frá 1985. Ríkislögreglustjóri er þessu ósammála og bendir í því sambandi á 3. mgr. 5. gr. hinnar upphaflegu bókunar 3 við fríverslunarsamninginn, þar sem kveðið er á um að aðvinnsla skv. a- til h-liðum teljist ófullnægjandi að því er varðar b-lið 2.

mgr. 1. gr., hvort sem tollskrárnúmer vöru breytist eða ekki. Sérstaklega er vísað til a-, b-, f- og g-liða.

*Ásgeir Logi Ásgeirsson*

37. Ásgeir Logi Ásgeirsson heldur því fram að verulegur hluti þeirra alþjóðalaga sem málið varða gildi ekki vegna þess að lögin hafi ekki verið birt. Ennfremur sé erfitt að nálgast upplýsingar um upprunareglur samkvæmt EES-samningnum og öðrum fríverslunarsamningum og eigi það einnig við um ákvæðin sjálf. Þrátt fyrir ýmsar fyrirspurnir til nokkurra stjórnvaldsstofnana, hafi Ásgeiri Loga og lögmanni hans ekki tekist að afla upplýsinga um gildi þessara ákvæða og hafi þeir ekki heldur fengið í hendur umbeðin fyrirmæli og bréf sem gefin voru út af ríkistollstjóra. Hafi íslensk yfirvöld vanrækt að uppfylla grundvallarforsendur fyrir framkvæmd þessara upprunareglna með því að birta þær ekki og gera aðgengilegar almenningi í skýru og skiljanlegu formi. Undirstriki sú staðreynd hversu flókið og óskýrt málið sé að Héraðsdómur skuli nú fara fram á ráðgjöf EFTA-dómstólsins varðandi það hvaða reglur gildi. Verði að teljast afsakanleg lögvilla að draga rangar niðurstöður um gildandi reglur við slíkar aðstæður.

38. Að því er varðar fyrstu spurninguna er Ásgeir Logi þeirrar skoðunar að víðari upprunareglur fríverslunarsamningsins hljóti að ganga framár upprunareglum skv. EES-samningnum. Leiði það af 7. gr. bókunar 9 EES og 3. viðbæti við þá bókun, sem vísar til 1. gr. bókunar 6 við fríverslunarsamninginn, sem valdi því að rökrétt sé að álykta að fríverslunarsamningurinn eigi við um málsatvik í máli þessu.

39. Að því er varðar aðra, þriðju, fjórðu og fimmtu spurningu, vísar Ásgeir Logi fyrst og fremst til hinnar svonefndu 10% reglu í a-lið 2. mgr. 4. gr. í upphaflegri bókun 4 við EES-samninginn sem meginákvæðið um það hvort vara teljist eiga uppruna sinn á Evrópska efnahagssvæðinu vegna fullnægjandi aðvinnslu. Samkvæmt þeirri reglu megi verðmæti hráefna sem eiga uppruna utan EES ekki nema meira en 10 af hundraði af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar. Sé málið svo flókið að nauðsynlegt sé að meta þá vöru sem um ræðir í hvert skipti. Því sé ekki til neitt eitt og algilt svar við annarri spurningunni, sem sé allt of víðtæk. Til stuðnings þeirri skoðun sinni að spurningar Héraðsdóms gefi ekki rétta mynd af málinu sem hann hefur til meðferðar, vísar Ásgeiri Logi til 5. gr. bókunar 4 EES um ófullnægjandi aðvinnslu. Yrði beiting þess ákvæðis að teljast óviðeigandi, þar sem söltun fisksins hafi ekki þann tilgang fyrst og fremst að tryggja að varan haldist óskemmd, heldur sé söltun hluti af vinnsluferli tiltekinnar afurðar sem sé eftirsótt í mörgum heimshlutum.

40. Þessar röksemdir eru settar fram með þeim fyrirvara að fyrir utan fyrstu spurninguna sé EFTA-dómstóllinn ekki bær til þess að svara spurningum varðandi fríverslunarsamninginn og þar með til þess að svara spurningunum frá Héraðsdómi.

*Axel Pétur Ásgeirsson*

41. Að því er varðar fyrstu spurninguna er því haldið fram af Axel Pétri Ásgeirssyni að upprunareglurnar í upphaflegu bókun 3 við fríverslunarsamninginn séu hagstæðari en reglurnar í bókun 9 EES. Þetta megi ráða af því að í a-lið 5. gr. bókunar 3 við fríverslunarsamninginn sé vísað til breytinga á númerum í samræmdu tollskránni, en enga slíka vísun sé að finna í bókun 9 EES. Þar með hljóti reglur fríverslunarsamningsins að ganga framár reglunum í bókun 4 EES.

42. Þar sem upprunareglurnar í bókun 4 EES teljist ekki eiga við í fyrirliggjandi máli sé ekki þörf á svari frá EFTA-dómstólnum við annarri og þriðju spurningu.

43. Að því er varðar túlkun fríverslunarsamningsins, véfengir Axel Pétur bæni EFTA-dómstólsins til þess að úrskurða í málinu samkvæmt 1. mgr. 34. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Dómstóllinn sé einungis bær til þess að túlka EES-samninginn. Telur Axel Pétur að beita verði varfærinni túlkun, en samkvæmt slíkri túlkun beri að hafna lögsögu í málum þar sem á henni leikur vafi. Ella ætti sérdómstóll eins og EFTA-dómstóllinn á hættu að fara út fyrir valdsvið sitt. Af því leiði að skýring á bókunum 3 og 6 við fríverslunarsamninginn, sem farið sé fram á í fjórðu og fimmtu spurningu, heyrir alfarið undir íslenska dómstóla.

*Helgi Már Reynisson*

44. Helgi Már vísar einnig til óskýrleika að því er varðar þær reglur sem beita skuli, sem leiði til lögvillu af hálfu ákærðu. Telur hann að málið heyrir alfarið undir íslenska dómstóla. Heldur hann því fram að beiðnin uppfylli ekki það skilyrði að vera „nauðsynleg“, skv. 2. mgr. 34. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, til þess að Héraðsdómur geti kveðið upp dóm. Vísun málsins til EFTA-dómstólsins dragi málareksturinn á langinn, sem í sjálfu sér teljist brot á 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, svo og á íslenskri stjórnskipunar- og refsilöggjöf. Af þeim sökum leggur Helgi Már til að öllum spurningunum, að frátalinni þeirri fyrstu, verði vísað frá EFTA-dómstólnum á þeim forsendum að þær séu efni málsins fyrir Héraðsdómi óviðkomandi.

45. Fyrstu spurningunni ber hins vegar að svara játandi, að mati Helga Mús. Viðskiptakjör hljóti að verulegu leyti að grundvallast á viðeigandi upprunareglum, þar sem slíkar reglur hafi mikil áhrif á þau viðskiptakjör sem boðin eru. Viðskiptakjörin samkvæmt fríverslunarsamningnum teljist hagstæðari að því er varðar þau atriði sem ákæran í málinu varðar. Aðvinnsla vörunnar hafi haft þau áhrif að þær fengu nýtt tollskrárnúmer, sem aftur hafi leitt til þess að engir tollar voru lagðir á. Ennfremur eru rök að því leidd að ákvörðun nr. 1/96, um breytingu á bókun 3 við fríverslunarsamninginn til samræmis við bókun 4 EES, hafi ekki verið komin í gildi á þeim tíma sem meint brot áttu sér stað þar sem hún hafði þá ekki verið birt skv. íslenskum rétti.

46. Allir ákærðu krefjast málskostnaðar sér til handa.

*Ríkisstjórn Íslands*

47. Að því er varðar fyrstu spurninguna, telur ríkisstjórn Íslands einsýnt að 7. gr. bókunar 9 við EES-samninginn geti ekki átt við ef enginn munur er á efni og innihaldi ákvæða EES-samningsins og ákvæða samningsins sem vísað er til í viðauka 3. Í því sambandi bendir ríkisstjórnin á ákvörðun nr. 1/96, sem tengir EES-samninginn við fríverslunarsamninginn með því að koma í stað texta bókunar 3 við fríverslunarsamninginn. Ákvörðunin tók gildi 1. janúar 1997, áður en það athæfi sem hér um ræðir átti sér stað. Eftir breytinguna geti upprunareglurnar í bókun 3 við fríverslunarsamninginn ekki talist hagstæðari fyrir Ísland en ákvæði EES-samningsins. Því geti 7. gr. bókunar 9 við EES samninginn ekki haft neina þýðingu fyrir niðurstöðu Héraðsdóms í því máli sem fyrir honum liggur. Er ríkisstjórnin þeirrar skoðunar að ráðgefandi álit sé sértækt úrræði til að koma á samstarfi milli EFTA-dómstólsins og landsdómstóla, sem miði að því að upplýsa hina síðarnefndu um nauðsynlega þætti EES-réttar til þess að gera þeim kleift að úrskurða um mál sem fyrir þeim liggja, en ekki til þess að svara almennum eða fræðilegum spurningum. Er farið fram á það við EFTA-dómstólinn að hann úrskurði að fyrsta spurningin sé ekki dómtæk.

48. Að því er varðar aðra og þriðju spurninguna, vísar ríkisstjórnin til 5. gr. bókunar 4 EES, með áorðnum breytingum skv. ákvörðun nr. 71/96 og viðauka 2 við hana. Í viðauka 2 segir að vörur sem falla undir 3. kafla samræmdu tollskrárinnar geti því aðeins hlotið upprunaréttindi að þær séu að öllu leyti fengnar. Af því leiði að þíðun, hausun, flökun, beinhreinsun, snyrting, söltun og pökkun fisks geti ekki talist nægileg aðvinnsla til þess að vara öðlist upprunaréttindi á Evrópska efnahagssvæðinu ef hún uppfyllir ekki skilyrði bókunar 4 EES.

49. Að því er varðar fjórðu og fimmtu spurningu, vísar ríkisstjórnin til athugasemda sinna varðandi fyrstu spurninguna og heldur því fram að hvorug spurningin geti haft nokkra þýðingu fyrir ákvörðun Héraðsdóms í fyrirliggjandi máli. Af þessum sökum telur hún spurningar þessar ekki dómtækar skv. 1. mgr. 88. gr. og 2. mgr. 96. gr. starfsreglna EFTA-dómstólsins. Ennfremur vísar ríkisstjórnin til 2. mgr. 108. gr. EES-samningsins og 1. mgr. 34. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Þessi ákvæði eru túlkuð á þann veg að þau útiloki þau álitæfni sem vakin eru með fjórðu og fimmtu spurningu frá lögsögu EFTA-dómstólsins, sem takmarkast við túlkun EES-réttar. Fríverslunarsamningurinn sé sérstakur samningur og sem slíkur sé hann sjálfstæður þjóðréttarlegur gerningur. Hvers kyns álitamál um túlkun hans eða framkvæmd falli utan við EES-rétt.

50. Ríkisstjórn Íslands leggur til að úrskurðað verði að fyrsta, fjórða og fimmta spurning séu ekki dómtækar, en að annarri og þriðju spurningu verði svarað sem hér segir:

„Þíðun, hausun, flökun, beinhreinsun, snyrting, söltun og pökkun fisks, sem ekki er fenginn að öllu leyti á Evrópska efnahagssvæðinu, telst ekki nægileg aðvinnsla í skilningi bókanar 4 við EES-samninginn.”

#### *Eftirlitsstofnun EFTA*

51. Almennt varðandi lögsögu dómstólsins í fyrirbyggjandi máli dregur Eftirlitsstofnun EFTA þá ályktun af a-lið 2. gr. EES-samningsins og 1. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls að bókanirnar við EES-samninginn teljist óaðskiljanlegir hlutar hans. Skv. 34. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls sé EFTA-dómstóllinn bær til þess að úrskurða um EES-samninginn, og þar með um bókanir við EES-samninginn, enda sé ekki kveðið á um annað í ákvæðum viðkomandi bókana. Leiði af 3. mgr. 8. gr. EES-samningsins að vörurnar sem bókun 9 tekur til falli ekki undir almenn ákvæði EES-samningsins. Þess í stað hafi sérstöku fyrirkomulagi verið komið á með bókun 9 EES. Deilum varðandi þessar skuldbindingar megi, skv. 6. gr. bókanar 9 EES, vísa til sameiginlegu EES nefndarinnar. Ennfremur sé aðilum heimilt að beita 114. gr. EES-samningsins, að breyttu breytanda, ef sameiginlega EES nefndin kemst ekki að niðurstöðu. Þegar deilur um ákvæði bókanar 9 EES falli undir sérákvæði af þessu tagi varðandi lausn deilumála, komi það í hlut samningsaðila sjálfra, en ekki Eftirlitsstofnunar EFTA eða EFTA-dómstólsins að leysa deiluna.<sup>9</sup>

52. Hins vegar hafi sú staðreynd að sum ákvæði bókanar 9 EES falla utan við almennt fyrirkomulag eftirlits og lausnar á deilum sem gert er ráð fyrir í EES-samningnum ekki þau áhrif að lögsaga EFTA-dómstólsins skv. 34. gr. um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls skerðist að því er varðar þau ákvæði sem til álita koma í þessu máli. Þvert á móti sé EFTA-dómstóllinn til þess bær að úrskurða um túlkun allra viðeigandi ákvæða bókana 4 og 9 EES.

53. Að því er varðar tengsl þeirra raka ákærðu, að þær upprunareglur sem um ræðir séu svo óljósar að túlkun þeirra í góðri trú geti talist afsakanleg lögvilla af þeirra hálfu, við EES-rétt, vísar Eftirlitsstofnun EFTA til fordæma dómstóls Evrópubandalaganna.<sup>10</sup>

54. Að því er varðar fyrstu spurninguna bendir Eftirlitsstofnun EFTA á breytingar sem orðið hafa á fríverslunarsamningnum sem miða að því að koma á upprunareglum sem svipar til samsvarandi reglna í EES-samningnum.

55. Að því er varðar spurninguna um það hvort upprunareglurnar í fríverslunarsamningnum gangi framur EES-samningnum vegna tilvitnunarinnar sem er að finna í 7. gr. bókanar 9 EES, vísar Eftirlitsstofnun EFTA til almennu reglunnar í 120. gr. EES-samningsins. Í 7. gr. bókanar 9 EES felist undanþága frá

<sup>9</sup> Vísað er til álits sem sett var fram af Eftirlitsstofnun EFTA í máli nr. E-2/94, *Scottish Salmon Growers* [1995] EFTA Court Report 59, þar sem fjallað er um ríkisaðstoðarákvæðið í 4. gr. bókanar 9 EES.

<sup>10</sup> Mál nr. C-262/99 *Paraskevas Louloudakis v Elliniko Dimosio* [2001] ECR I-5547.

Þessu ákvæði, þar sem kveðið sé á um að sérstök ákvæði annarra samninga hafi forgangsgildi gagnvart ákvæðum bókunar 9 að því leyti sem EFTA-ríkjum eru þar veitt betri viðskiptakjör. Um það hvort þetta eigi við að því er varðar 1. gr. bókunar 6 við fríverslunarsamninginn sé fjallað í bókun 3 við fríverslunarsamninginn. Þar sem ekki sé að finna í 7. gr. bókunar 9 EES neina vísun til þessara síðari reglna, beri að skilja orðalagið „íslenskan uppruna” í 1. gr. bókunar 6 við fríverslunarsamninginn í ljósi upprunareglanna í bókun 4 EES, þ.e. sem „EES uppruna” í skilningi bókunarinnar. Hefði það verið ætlun samningsaðila að fella inn upprunareglurnar í bókun 3 við fríverslunarsamninginn, hefði það verið gert með beinni tilvitnun.<sup>11</sup> Í þessu felist engin mótsögn við sameiginlegu yfirlýsinguna í lokagerð EES-samningsins.<sup>12</sup> Í sameiginlegu yfirlýsingunni sé aðeins vísað til annarra samninga sem ekki sé vísað sérstaklega til í EES-samningnum, eins og við á um fríverslunarsamninginn.

56. Að því er varðar aðra og þriðju spurninguna, vísar Eftirlitsstofnun EFTA til 5. gr. bókunar 4 EES, með áorðnum breytingum skv. ákvörðun nr. 71/96 og viðauka 2 við hana. Til þess að vörur geti flokkast undir kafla 3 í samræmdu tollaskránni þurfi allur fiskurinn sem notaður er sem hráefni að vera að öllu leyti fenginn í samræmi við 4. gr. bókunar 4 EES. Þannig verði fiskurinn, sem notaður er sem hráefni, annað hvort að vera fenginn á yfirráðasvæði samningsaðila, eða tekinn úr sjó utan landhelgi samningsaðila af skipum þeirra. Fiskur sem tekinn sé utan landhelgi EES-ríkja af skipum, sem ekki teljast skip frá EES-ríkjum, geti ekki öðlast upprunaréttindi með vinnslu innan EES.

57. Svar við fjórðu spurningunni er aðeins nauðsynlegt, að mati Eftirlitsstofnunar EFTA, ef dómstóllinn kemst að þeirri niðurstöðu í svari sínu við fyrstu spurningunni, að hugtakið “viðskiptakjör” í 7. gr. bókunar 9 EES taki til upprunareglanna í bókun 3 við fríverslunarsamninginn. Jafnvel þótt sú yrði niðurstaðan, hafi svarið við þessari spurningu ekki áhrif á niðurstöðu í málinu fyrir Héraðsdómi, þar sem búið sé að breyta upprunaákvæðunum í bókun 3 við fríverslunarsamninginn í því skyni að setja grundvallarreglur um uppruna sem séu sambærilegar við þær sem kveðið er á um í bókun 4 EES.

58. Teljist bókun 3 við fríverslunarsamninginn falla undir hugtakið “viðskiptakjör” í 7. gr. bókunar 9 við EES-samningin, er það skoðun Eftirlitsstofnunar EFTA að túlkun á fríverslunarsamningnum falli utan við lögsögu EFTA-dómstólsins. Er sú ályktun dregin af 34. gr. samningsins um

---

<sup>11</sup> Vísað er til 11. gr. bókunar 2 EES, sem við tilteknaðar aðstæður gerir ráð fyrir beitingu bókunar 3 við viðeigandi fríverslunarsamning milli Efnahagsbandalags Evrópu og EFTA-ríkis. Ennfremur, í tilviki Noregs, er í viðbæti 3 við bókun 9 EES vitnað til samningsins í heild milli Efnahagsbandalags Evrópu og Noregs, þ.m.t. til viðauka I við þann samning, sem hefur að geyma upprunareglurnar.

<sup>12</sup> Þar segir: „EES-samningurinn hefur ekki áhrif á réttindi tryggð með gildandi samningum sem eru bindandi fyrir eitt eða fleiri aðildarríki EB annars vegar og eitt eða fleiri EFTA-ríki hins vegar, eða tvö eða fleiri EFTA-ríki, til að mynda samningum er varða einstaklinga, aðila í atvinnurekstri, samvinnu á tilteknum svæðum og stjórnvaldsráðstafanir, þar til að minnsta kosti samsvarandi réttindi hafa náðst með samningnum”.



stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, en samkvæmt honum er EFTA-dómstóllinn til þess bær að veita ráðgefandi álit um túlkun EES-samningsins.<sup>13</sup> Verði þetta ákvæði að skoðast sem tæmandi, sbr. 234. gr. EB.

59. Engu að síður sé í 7. gr. bókunar 9, sem er undanþáguákvæði frá þeirri almennu grundvallarreglu sem fram kemur í 120. gr. EES-samningsins, kveðið á um samanburð milli viðskiptakjaranna sem gert er ráð fyrir í EES-samningnum og viðskiptakjaranna sem kveðið er á um í fríverslunarsamningnum. Því sé nauðsynlegt að skýra ákvæði bókunar 3 við fríverslunarsamninginn til þess að ganga úr skugga um hvaða ákvæði gangi framar. Sé EFTA-dómstóllinn ekki til þess bær að skýra öll viðeigandi ákvæði fríverslunarsamningsins sem vísað er til í EES-samningnum, gæti hann aðeins ákveðið að hluta hvað teljist “betri viðskiptakjör” í 7. gr. bókunar 9 EES.

60. Að mati Eftirlitsstofnunar EFTA væri hins vegar ekki með slíkri afstöðu tekið nægilegt tillit til þeirrar staðreyndar að fríverslunarsamningurinn er sérstakur tvíhliða samningur þar sem ekki er kveðið á um stofnun dómstóls, heldur um fyrirkomulag til lausnar á deilumálum, þ.m.t. um málefni sem varða túlkun samningsins. Samkvæmt 23. og 28. gr. fríverslunarsamningsins sé það í hlut sameiginlegu nefndarinnar að fjalla um slíkar deilur. Ef gert er ráð fyrir að EFTA-dómstóllinn sé einnig til þess bær að kveða upp dóma um fríverslunarsamninginn, gæti sú staða komið upp að EFTA-dómstóllinn kæmist að annarri niðurstöðu varðandi skýringu á samningnum í samhengi við EES en raunin kynni að verða skv. ákvæðum samningsins um lausn deilumála.

61. Einnig er vísað til 307. gr. EB, sem hefur að geyma svipað undanþáguákvæði, þó víðara sé, og 7. gr. bókunar 9 EES. Dómstóll Evrópubandalaganna hafi gefið út þá skýringu að tilgangurinn með 307. gr. EB sé að taka af tvímæli um það, í samræmi við grundvallarreglur þjóðarréttar, að framkvæmd Rómarsamningsins hafi ekki áhrif á fyrri skuldbindingar aðildarríkja um að virða rétt ríkja utan bandalagsins og uppfylla skyldur sínar þar að lútandi. Sami dómstóll hafi ennfremur lýst því að til þess að ákvarða hvort aðildarríki sé heimilt að byggja á því ákvæði í því skyni að víkja sér undan því sem leiðir af Rómarsamningnum, sé nauðsynlegt að skýra fyrri samninga. Þegar hins vegar sé um að ræða forúrskurð komi það í hlut landsdómstóls að kanna að hvaða marki viðkomandi skuldbindingar hindri að löggjöf Evrópubandalagsins nái fram að ganga.<sup>14</sup> Dómstóll Evrópubandalaganna telji það þannig utan lögsögu sinnar að fella dóma sem gætu haft áhrif á þennan rétt ríkja utan bandalagsins.

62. Þar sem bæði Ísland og Evrópubandalagið eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er ekki um að ræða nein álitamál varðandi réttindi þriðju ríkja í þessu máli. Hins vegar er fyrir hendi hætta á andstæðum skýringum á efni fríverslunarsamningsins í þessu máli. Þannig heyrir skýringin á hugtakinu

<sup>13</sup> Vísað er til máls nr. E-6/01 *CIBA* [2002] EFTA Court Report 283, 22.-23. mgr.

<sup>14</sup> Mál nr. C-13/93 *Office National de l'Emploi v Madeleine Minne* [1994] ECR I-371, 18. mgr.; mál C-158/91 *Jean-Claude Levy* [1993] ECR I-4287, 21. mgr.; Mál C-324/93 *Evans Medical Ltd* [1995] ECR I-563, 29. mgr.; mál C-124/95 *Centro-Com Srl* [1997] ECR I-81, 58. mgr.

“Íslenskur uppruni” í bókun 3 við fríverslunarsamninginn ekki undir EFTA-dómstólinn, og allur samanburður á bókun 9 EES og bókun 3 við fríverslunarsamninginn ætti að vera í höndum landsdómstóls.<sup>15</sup>

63. Ákveði dómstóllinn að veita svar við fjórðu spurningunni, er það mat Eftirlitsstofnunar EFTA að svarið ætti að vera á þá leið að landsdómstóllinn skuli beita bókun 3 við fríverslunarsamninginn að því marki sem hún veitir Íslandi betri viðskiptakjör en þau sem leiða af bókun 4 við EES-samninginn. Hvort sú sé raunin er álitamál sem falli utan við lögsögu EFTA-dómstólsins.

64. Að því er varðar fimmtu spurninguna telur Eftirlitsstofnun EFTA ekki nauðsynlegt að svara henni í ljósi þess að fríverslunarsamningurinn var gerður 1972, áður en sum núverandi aðildarríki gengu inn í Evrópusambandið. Er þá gengið út frá því að dómstóllinn fallist á tillögu eftirlitsstofnunarinnar varðandi fyrstu spurninguna. Ennfremur komi það alfarið í hlut landsdómstólsins að skýra innihald fríverslunarsamningsins og ákvarða hvaða lönd séu aðilar að honum.

65. Í þessu samhengi vill Eftirlitsstofnun EFTA hins vegar benda á að lönd sem ganga inn í Evrópusambandið gerast að jafnaði sjálfkrafa aðilar að öllum alþjóðlegum samningum sem Evrópubandalagið hefur gert við þriðju lönd eða aðrar alþjóðlegar stofnanir.<sup>16</sup> Samkvæmt þessari almennu reglu, hafa aðildarríki sem gengu í Evrópubandalagið eftir 1972 orðið aðilar að fríverslunarsamningnum. Því ættu ákvæði þess samnings, þ.m.t. bókun 6, einnig að gilda um þessi ríki.

66. Hins vegar kann að vera að sum ákvæði bókunar 6 við fríverslunarsamninginn gildi ekki um öll aðildarríkin. Ástæða þess er sú að í töflunum í 1. gr. bókunar 6 við fríverslunarsamninginn er aðeins vísað til tiltekinnna aðildarríkja. Í þessu sambandi er tekið fram að reglur til bráðabirgða varðandi lækkun tolla milli Íslands annars vegar og landanna sem gengu inn í Evrópubandalagið eftir 1972 hins vegar voru samþykktar með viðbótarbókunum við fríverslunarsamninginn.<sup>17</sup>

67. Eftirlitsstofnun EFTA leggur til að spurningunum verði svarað sem hér segir:

---

<sup>15</sup> Að því er varðar samsvarandi skort á bæni dómstóls Evrópubandalaganna til þess að skýra gildi EES-samningsins gagnvart EFTA ríki, sem síðar gekk í Evrópusambandið, þ.e. Svíþjóð, er vísað til máls nr. C-321/97 *Ulla-Brith Andersson* [1999] ECR I-3551.

<sup>16</sup> Í tilviki Spánnar og Portúgals er vísað til 4. gr. aðildarsamningsins, þar sem segir m.a.: „samningar eða sáttmálar sem eitthvert bandalaganna hefur gert við eitt eða fleiri ríki utan bandalagsins, við alþjóðlega stofnun eða ríkisborgara þriðja ríkis skulu, með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í upprunalegu stofnsamningunum og þessu skjali, vera bindandi fyrir hið nýja aðildarríki.” Sambærileg ákvæði er að finna í aðildarsamningum annarra nýrra aðildarríkja.

<sup>17</sup> Vísað er til viðbótarbókunar við fríverslunarsamninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands sem gerð var þegar Grikkland gekk inn í bandalagið og undirrituð var 6. nóvember 1980, og viðbótarbókunar við fríverslunarsamninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands sem gerð var þegar Spánn og Portúgal gengu inn í bandalagið og undirrituð var 14. júlí 1986. Að því er varðar Svíþjóð, Finnland og Austurríki, var gerð viðbótarbókun við fríverslunarsamninginn hinn 26. janúar 1996, eftir að þessi lönd gerðust aðilar að Evrópusambandinu.

*Spurning nr. 1*

„Orðið „viðskiptakjör” í 7. gr. bókunar 9 við EES-samninginn, sbr. og 3. viðbæti við þá bókun, tekur ekki til upprunareglna þeirra sem er að finna í samningi milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands sem undirritaður var 22. júlí 1972.”

*Spurningar nr. 2 og 3:*

„Þíðun, hausun, flökun, beinhreinsun, snyrting, söltun og pökkun fisks, sem fluttur hefur verið inn heilfrystur til Íslands frá löndum utan EES, telst ekki nægileg aðvinnsla í skilningi bókunar 4 við EES-samninginn þannig að varan öðlist upprunaréttindi.”

*Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna*

68. Almennt álit framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna er að EFTA-dómstóllinn sé til þess bær að skýra 7. gr. bókunar 9 EES. Hafnað er túlkun á a-lið 3. mgr. 8. gr. EES-samningsins á þann veg að fiskur sé ekki vara sem heyri undir almennar reglur um frjálstan flutning. Þótt fiskur falli ekki undir almennar reglur um frjálstan flutning í II. hluta EES-samningsins, leiði af 20. gr. samningsins að sérstakar reglur gildi um fisk. Þær sérstöku reglur sé að finna í bókun 9 EES. Ennfremur sé ljóst af a-lið 2. gr. og 119. gr. EES-samningsins að bókanirnar séu „óaðskiljanlegur hluti” EES-samningsins. Af því leiði að 34. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls beri að skilja svo að EFTA-dómstóllinn sé til þess bær að veita ráðgefandi álit um túlkun á bókun 9 EES.

69. Að því er varðar spurninguna um það hvort EFTA-dómstóllinn sé til þess bær að túlka fríverslunarsamninginn, dregur framkvæmdastjórnin þá ályktun af a-lið 2. gr. og 119. gr. EES að fríverslunarsamningurinn sé ekki „óaðskiljanlegur hluti” EES-samningsins. Ef til þess kæmi að EFTA-dómstóllinn skýrði fríverslunarsamninginn, væri dómstóllinn í raun að dæma um gagnkvæmar skyldur Evrópubandalagsins og Íslands.

70. Hins vegar er framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna þeirrar skoðunar að ekki sé eftir því kallað að EFTA-dómstóllinn skýri skilmála fríverslunarsamningsins í fyrirliggjandi máli. Í fyrstu og fjórðu spurningu sé þess farið á leit við dómstólinn að hann ákvarði hvort í 7. gr. bókunar 9 EES og 3. viðbæti við hana felist vísun til bókunar 3 við fríverslunarsamninginn til viðbótar við ótvíræða tilvísun til bókunar 6 við fríverslunarsamninginn. Um sé að ræða beiðni um skýringu á merkingu bókunar 9 EES. Dómstóllinn sé bær til þess að veita slíka skýringu.

71. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna byggir þessa athugasemd sína á þeirri forsendu að skipin hafi ekki verið skráð í neina skipaskrá neins aðildarríkis

Evrópubandalagsins né nokkurs ríkis sem 3. gr. bókunar 4 EES<sup>18</sup> gildir um. Ennfremur er gert ráð fyrir að engin blöndun hafi átt sér stað á fiski sem fenginn var við þær aðstæður sem lýst er í beiðni Héraðsdóms og fiski sem var ótvírætt af íslenskum uppruna í þeim skilningi að hafa verið veiddur af íslenskum skipum.

72. Ef litið er fyrst til annarrar og þriðju spurninga, er framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna þeirrar skoðunar að skv. bókun 4 við EES-samninginn, með áorðnum breytingum skv. ákvörðun 71/96, geti þorskurinn sem hér um ræðir ekki talist hafa íslenskan uppruna. Þessu til stuðnings er vísað til 5. gr. bókunar 4 við EES-samninginn og viðauka II. Til þess að fiskur geti talist eiga uppruna á Íslandi þurfi allt efnið skv. 3. kafla samræmdu tollskrárinnar að vera fengið að öllu leyti í samræmi við 4. gr. bókunar 4 EES. Þannig þurfi allur fiskurinn sem unnin var að hafa verið tekinn annað hvort í landhelgi Íslands (eða landhelgi samningsaðila), eða veiddur af skipi sem siglir undir íslenskum fána (eða fána aðildarríkis) sé hann tekinn utan landhelgi þessara aðila. Þar sem fiskurinn sem um ræðir hafi verið veiddur utan þeirrar landhelgi sem um ræðir af „erlendum fiskiskipum” sé hann ekki „að öllu leyti fenginn” með þeim hætti sem krafist er. Vinnsla af því tagi sem lýst er í 5. gr. bókunar 4 EES, geti ekki breytt þeim fiski í íslenskan fisk. Hvað sem öðru líður hljóti sú vinnsla sem lýst er í beiðninni að teljast ófullnægjandi skv. 6. gr. bókunar 4 EES til þess að fiskur sem er ekki „að öllu leyti fenginn” teljist af íslenskum uppruna.

73. Að því er varðar fyrstu og fjórðu spurninguna, er það í megindráttum afstaða framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna að upprunareglurnar í fríverslunarsamningnum eigi ekki við í þessu tilviki.

74. Í 7. gr. bókunar 9 EES sé vísað til „ákvæð[a] samninganna sem taldir eru upp í 3. viðbæti”, ekki til samninganna í heild sem þar eru taldir upp. Í viðbæti 3 sé skýr vísun til 1. gr. bókunar 6 við fríverslunarsamninginn. Ekki sé, í tilviki Íslands, vísað til viðskiptakjaranna í 7. gr. bókunar 9 EES í heild, né heldur til bókunar 3 við fríverslunarsamninginn. Af því leiði að vísunina til viðskiptakjara í 7. gr. bókunar 9 við EES-samningin verði að skilja svo að einungis sé átt við ákvæði 1. gr. í bókun 6 við fríverslunarsamninginn. Orðið „viðskiptakjör” sé ekki unnt að skilja á þann veg að átt sé við viðskiptakjör sem fela í sér upprunareglurnar í bókun 3 við fríverslunarsamninginn. Hefði sú verið ætlunin, hefði í viðbæti 3 við bókun 9 EES verið vísað til fríverslunarsamningsins í heild, en ekki aðeins til eins hluta hans. Í viðauka 3 sé að finna slíka vísun til samnings í heild þegar vísað er til sambærilegra samninga sem gerðir voru milli Evrópubandalagsins og Svíþjóðar, Sviss og Noregs.

75. Jafnvel þótt tilvísun til „afurða upprunninna á Íslandi” í 2. mgr. 1. gr. í bókun 6 við fríverslunarsamninginn væri skilin svo að henni væri ætlað að vísa í víðum skilningi til upprunareglanna í bókun 3 við fríverslunarsamninginn, eða henni væri ætlað að láta þær reglur gilda, myndi fiskurinn samt ekki njóta

---

<sup>18</sup> Með áorðnum breytingum skv. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/1999 frá 26. mars 1999, í gildi frá 1. janúar 1999, sbr. OJ 1999 L 266, bls. 53.

íslensks uppruna. Orðalagið sem í gildi var í bókun 3 við fríverslunarsamninginn á þeim tíma sem um ræðir, með áorðnum breytingum skv. ákvörðun nr. 1/96, sé efnislega hið sama og í bókun 4 EES.

76. Það er álit framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna að ekki sé þörf á að svara fimmtu spurningunni í ljósi þeirra svara sem gefin eru við fyrstu og fjórðu spurningu. Engu að síður telur framkvæmdastjórnin að fríverslunarsamningurinn, einkum bókun 6 við hann, hafi gilt um öll aðildarríki Evrópubandalagsins á þeim tíma sem umræddar sendingar áttu sér stað á árunum 1998 og 1999, þ.m.t. um Danmörk, Grikkland og Spán.<sup>19</sup>

77. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna leggur til að spurningunum verði svarað sem hér segir:

*Spurningar nr. 2 og 3:*

*„Bókun 4 við EES-samninginn ber að skýra svo að þíðun, hausun, flökun, beinhreinsun, snyrting, söltun og pökkun fisks, sem veiddur hefur verið af erlendum fiskiskipum og fluttur inn heilfrystur til Íslands frá löndum utan EES, teljist ekki nægileg aðvinnsla til þess að varan teljist af íslenskum uppruna.“*

*Spurningar nr. 3 og 4:*

*„Orðið „viðskiptakjör“ í 7. gr. bókunar 9 við EES-samninginn, sbr. og 3. viðbæti við þá bókun, tekur ekki til upprunareglanna í bókun 3 við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands sem undirritaður var 22. júlí 1972.“*

Carl Baudenbacher  
framsögumaður

---

<sup>19</sup> Í tilviki Danmerkur tók fríverslunarsamningurinn gildi 1. janúar 1973, um leið og Danmörk gerðist aðili að Efnahagsbandalagi Evrópu. Að því er varðar Grikkland, kveður 4. gr. samningsins, um aðild þess að bandalaginu, svo á að Grikkland skuli bundið af þeim samningum og sáttmálum sem bandalagið hefur gert við eitt eða fleiri ríki utan bandalagsins. Aðildarsamningurinn gekk í gildi 1. janúar 1981. Af því leiðir að Grikkland var bundið af ákvæðum fríverslunarsamningsins á þeim tíma sem sendingarnar áttu sér stað. Í tilviki Spánar er 4. gr. samningsins um aðild að bandalaginu efnislega samhljóða 4. gr. í aðildarsamningi Grikklands. Aðildarsamningurinn fyrir Spán gekk í gildi 1. janúar 1986. Af því leiðir að Spán var bundinn af ákvæðum fríverslunarsamningsins á þeim tíma sem sendingarnar áttu sér stað. Viðbótarbókanir við fríverslunarsamninginn breyttu tilteknum ákvæðum í bókun 6 við fríverslunarsamninginn þannig að tekið væri mið af aðild hinna nýju aðildarríkja að bandalaginu. Með viðbótarbókun sem undirrituð var 6. nóvember 1980 voru gerðar breytingar á tímaáætlun um lækun tolla varðandi Grikkland og með sambærilegri viðbótarbókun frá 14. júlí 1986 var hið sama gert varðandi Spán.